

Nd.

287. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. jan.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfresti, álagningu, gjalddaga og eindaga söluskatts, svo og um innheimtu 1½% dráttarvaxta, sem falli á í eindaga skattsins, og síðan fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera skil á skattinum á tilsettum tíma, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verzlunum, sölu- eða afgreiðslu- stöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1970 skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri fyrir janúar og febrúarmánuði, en hinn fyrir marz. Skattyfirvöld geta krafizt hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta innan fyrsta ársfjórðungs fyrri ára.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal undantekningarlaust innheimta hinn breytta söluskatt skv. 1. gr. þessara laga frá og með 1. marz 1970. Sama regla gildi um fullnaðartollafgreiðslu í samræmi við 22. gr. tollskrárlaga nr. 3 26. febrúar 1969.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra ásamt ákvæðum 1. gr. laga nr. 61/1964 inn í meginmál laga nr. 10/1960 eins og þau eru breytt með niðurfellingarákvæðum 40. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963 um tollskrá o. fl. og 1. gr. laga nr. 76/1967, að breyttu breytanda, og gefa út þannig sem lög um söluskatt.